

Nd.

188. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir klofnað í máli þessu. Minni hlutinn (SK og SEH) fellst algerlega á þau rök, sem fyrir frv. eru færð í greinargerð þess, að sjávarútvegurinn sé þess alls ekki megnugur að standa undir gjaldi þessu. Og yfir höfuð telur minni hl. engin rök réttlæta það, að heimta útflutningsgjald af þeim framleiðsluvörum landsmanna, sem framleiddar eru með tapi. Af þessum ástæðum leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Meiri hl. mun gera grein fyrir sinni afstöðu. Er minni hl. það eitt kunnugt um hana, að allir meirihlutamennirnir greiddu atkvæði með tillögu um það, að málið skyldi afgreitt með dagskrá. En frv. var aldrei rætt í nefndinni.

Saga frumvarpsins á þessu þingi til þessa dags er sem hér segir:

Frumvarpið var lagt fram í Nd. 18. okt. síðastl. og var vísað til sjávarútvegsn. 25. s. m. Það fékkst svo ekki tekið fyrir til afgreiðslu fyrr en í dag, 25. nóvember, og var þá afgreitt sem fyrr segir, með atkvæðagreiðslu umræðulaust.

Alþingi, 25. nóv. 1937.

Sigurður Kristjánsson,
frsm.

Sig. Ein. Hlíðar.